



Til:
Efni:
Upplýsingar:

gudjon@skutustadahreppur.is

Re: Fw: Tillaga að deiliskipulagi vegna tengivirkis á Hólasandi

Sent: 15-11-2019 14:21:14 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019100030, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019100030

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skútustaðahreppi, dags. 17. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir tengivirki á Hólasandi í Skútustaðahreppi. Tengivirkið er hluti af framkvæmdum vegna Hólasandslínu 3.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, staðsetningu tengivirkisins og náttúrufari á deiliskipulagssvæðinu, jafnframt að tengivirkið er hluti af Hólasandslínu 3 og mats á umhverfisáhrifum hennar, gerir stofnunin ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna. Stofnunin áréttar þó að allt rask eigi að vera í lágmarki, tengivirkið lagað að landslagi eins og hægt er og allur annar frágangur verði til fyrirmyndar svo áhrif þess verði sem minnst í opnu landslagi Hólasands.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Guðjón Vésteinsson <gudjon@skutustadahreppur.is>
To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "nia@ni.is" <nia@ni.is>, "land@land.is" <land@land.is>, "hne@hne.is" <hne@hne.is>, Þorkell Björnsson <oggi@hne.is>, Sædís Gunnarsdóttir <saedis@minjastofnun.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "landsvirkjun@landsvirkjun.is" <landsvirkjun@landsvirkjun.is>, "arnie@hi.is" <arnie@hi.is>, "arna.hjorleifsdottir@gmail.com" <arna.hjorleifsdottir@gmail.com>, Fjöregg Mývatn <fjoregg@gmail.com>, Hella - Biggi og Steina Ósk <hella@hangikjot.is>, Helga Sveinbjörnsdóttir <helga@thingeyjarsveit.is>
Cc: "ghg@vegagerdin.is" <ghg@vegagerdin.is>, Margrét Silja Þorkelsdóttir <margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is>
Date: 17.10.2019 11:29
Subject: Tillaga að deiliskipulagi vegna tengivirkis á Hólasandi

Góðan dag

Efni: Tillaga að deiliskipulagi vegna tengivirkis á Hólasandi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 21. maí 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi tengivirkis á Hólasandi í Skútustaðahreppi skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagлага nr. 123/2010.

Bygging tengivirkis á Hólasandi er hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3, sem áætlað er að liggja á milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og fyrirhugaðs tengivirkis á Hólasandi. Jafnframt munu núverandi raflínur milli Kröflu og Þeistareykja tengjast tengivirkinu.

Hólasandslína 3 verður hluti meginflutningskerfis raforku. Tilgangur Landsnets með byggingu línunnar er að auka flutningsgetu og bæta stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með sterkari samtengingu virkjanasvæða og þjóna núverandi starfsemi á Norður- og Austurlandi auk þeirrar uppbyggingar sem reikna má með á næstu áratugum. Framkvæmdirnar eru einnig mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild sinni þar sem um er að ræða mikilvægan lið í styrkingu á veiku flutningskerfi utan suðvesturhornsins. Línan mun bæta afhendingaröryggi raforku til notenda á Norður- og Austurlandi.

Markmiðið er að uppbyggingin valdi sem minnstri röskun á umhverfinu til lengri og skemmri tíma.

Tillöguuppdrættir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 4. október til og með föstudeginum 15. nóvember 2019. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdom rennur út föstudaginn 15. nóvember 2019. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdom skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast þeim samþykkir.

Bestu kveðjur



Guðjón Vésteinsson

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6660

gudjon@skutustadahreppur.is

www.skutustadahreppur.is



[Meðferð tölvupósts - Disclaimer](#)

From: Guðjón Vésteinsson

Sent: miðvikudagur, 30. janúar 2019 5:00 e.h.

To: 'skipulag@skipulag.is' <skipulag@skipulag.is>; 'ust@ust.is' <ust@ust.is>; 'nia@ni.is' <nia@ni.is>; 'land@land.is' <land@land.is>; 'hne@hne.is' <hne@hne.is>; 'Rúnar Leifsson' <runar@minjastofnun.is>; 'vegagerdin@vegagerdin.is' <vegagerdin@vegagerdin.is>; 'landsvirkjun@landsvirkjun.is' <landsvirkjun@landsvirkjun.is>; 'arnie@hi.is' <arnie@hi.is>; Þorkell Lindberg Þórarinsson <lindi@nna.is>; arna.hjorleifsdottir@gmail.com; 'Fjöregg Mývatn' <fjoregg@gmail.com>; 'Hella - Biggi og Steina Ósk' <hella@hangikjot.is>; Helga Sveinbjörnsdóttir <helga@thingeyjarsveit.is>

Cc: 'Kristín S. Jónsdóttir' <kristins@umhverfisstofnun.is>; 'ghg@vegagerdin.is' <ghg@vegagerdin.is>; Margrét Silja Þorkelsdóttir <margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is>

Subject: Deiliskipulagslýsing vegna tengivirkis á Hólasandi í Skútustaðahreppi.

Góðan dag,

Efni: Deiliskipulagslýsing vegna tengivirkis á Hólasandi í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 23. janúar 2019

deiliskipulagslýsingu fyrir nýtt tengivirki á Hólasandi í Skútustaðahreppi.

Bygging tengivirkis á Hólasandi er hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3, sem áætlað er að liggi á milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og fyrirhugaðs tengivirkis á Hólasandi. Jafnframt munu núverandi raflínur frá Kröflu og Þeistareykjum tengjast tengivirkinu.

Hólasandslína 3 verður hluti meginflutningskerfis raforku. Tilgangur Landsnets með byggingu línunnar er að auka flutningsgetu og bæta stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með sterkari samtengingu virkjanasvæða og þjóna núverandi starfsemi á Norður- og Austurlandi auk þeirrar uppbyggingar sem reikna má með á næstu áratugum. Framkvæmdirnar eru einnig mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild sinni þar sem um er að ræða mikilvægan lið í styrkingu á veiku flutningskerfi utan suðvesturhornsins. Línan mun bæta afhendingaröryggi raforku til notenda á Norður- og Austurlandi.

Meðfylgjandi deiliskipulagslýsing í viðhengi er hér með send umsagnaraðilum til umsagnar eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Athugasemda-/umsagnarfrestur er til og með 21. febrúar 2019.

Skila skal athugasemdum/umsögnum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Óski umsagnaraðili eftir því að fá erindið í pósti má hafa samband við undirritaðan.

Deiliskipulagslýsingin er send eftirtöldum aðilum til umsagnar og/eða athugasemd:

Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Náttúrufræðistofnun Íslands
Landgræðslan
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
Minjastofnun Íslands
Vegagerðin
Landsvirkjun
Ramý
Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
Fjöregg
Landeigendum
Þingeyjarsveit

Með kveðju,
f.h. Skútustaðahrepps,



Guðjón Vésteinnsson

Skipulagsfulltrúi
Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit
Sími/Tel. (+354) 464 4163

gudjon@skutustadahreppur.is
www.skutustadahreppur.is

[Meðferð tölvupósts - Disclaimer](#)